



ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA FRÁRENNSLISMÆLINGAR



Rannsóknáþjónsustan, Vm. ehf

Desember 2016

1. Inngangur

Í starfsleyfi fyrir fiskimjöls- og lýsisframleiðslu Ísfélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum (FES) eru sett fram skilyrði fyrir losun mengunarefna í frárennsli. Til þess að leggja mat á það hvort þessum skilyrðum er fullnægt tók Rannsóknþjónustan Vm ehf að sér að gera mælingar á frárennsli og virkni fitugildru verksmiðjunnar.

Hreinsistöðin sem staðsett er í mjöl og lýsisverksmiðjunni er að taka frárennsli frá öllum starfsstöðvum fyrirtækisins, frystihúsi, löndun, kúttun auk mjölversmiðjunnar sjálfrar.

Frárennsli frá mjölverksmiðjunni er tvíþætt:

- Frárennsli frá eigin vinnslu þ.e. mjölverksmiðjunni sjálfri (gólf, plön, hráefnisgeymar ofl.) þegar hún er í vinnslu. Þessi hluti fer í gegnum brunn á bryggju og í almenna fráveitu Vestmannaeyjabæjar.
- Frárennsli frá hreinsivirki, en inn á þar er beint bæði vinnsluvatni mjölverksmiðju, vinnsluvatni frá frystihúsi fyrirtækisins að Strandvegi 102 ásamt öllu löndunarvatni sem ekki er endurnýtt þegar löndun á sér stað. Þessum hluta er dælt frá hreinsivirkinu gegnum sérstaka lögn að útrás fráveitu bæjarins.

2. Sýnataka

Sýni voru tekin handvirkt á þriggja klukkustunda fresti úr frárennslirás og stök sýni við sjóinntak. Magn hvers sýnis úr frárennslirás var 500 ml. Sýnin voru geymd í kæli við 4°C fram að efnagreiningu, þeim blandað vel saman og nýtt meðalsýni útbúið sem síðan var notað til frekar mælinga. Hlutasýni voru send á viðeigandi rannsóknastofa til mælinga sem RþV er ekki útbúið til. Upplýsingar um rennsli gegnum hreinsivirkið eru fengnar frá verksmiðjunni sjálfri.

3. Mælingar

Magn mengunarefna yfir sólarhring á unnið hráefnistonn

Sýni voru flutt á rannsóknastofu RþV og þær mælingar sem stofan er útbúin til gerðar þar. Aðrar mælingar voru sendar á aðrar rannsóknastofur (Sýni ehf) og eru stjórnumerktar í töflunni hér að neðan.

Tafla 3.1 Magn hráefnis, mengunarefna og losunarmörk yfir sólarhring í frárennsli frá verksmiðjunni skv. starfsleyfi.

		Mælieining	Loðna 12.03.2016	Síld 08.11.2016
Löndun / 24t		tonn	850	778
Vinnsla / 24t		tonn	1.050	1.150
Rennsli / 24t	Frystihús	m ³ /24t	1.100	900
	Löndun	m ³ /24t	900	1.200
	Kúttun	m ³ /24t	900	0
	Bræðsla	m ³ /24t	650	500
	Samtals	m ³ /24t	3.550	2.600
Frárennsli frá hreinsivirki	Fita	mg/L/24t	3,8	2,3
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	22,1	20,2
	COD*	kg/t hráefnis/24t	0,4	0,5
Frárennsli frá verksmiðju	Fita	mg/L/24t	51	48
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	3,2	2,2
	COD*	kg/t hráefnis/24t	0,8	0,2
Sjór	Fita	mg/L/24t	-	-
	Svifefni	g/t hráefnis/24t	1,5	1,6
	COD*	kg/t hráefnis/24t	0,05	0,06